

SKÓLABRAGUR

– Svona gerum við í Lundarseli en þó stundum meiri kröfur og stundum minni kröfur.

Móttakan:

Taka á móti öllum börnum hlýlega og segja góðan daginn, vanda móttöku sama á hvað tíma dagsins það er. Börnin snúa myndinni sinni við á þeim deildum sem svoleiðis er.

Mikill grátur er „fjarlægður“ frá hinum börnunum, eða ræða við foreldra hvernig þau vilji tækla erfiðar kveðjustundir. Það er gott að æfa með börnunum það að koma, sjá félagsfærnisögu.

Fram að morgunmat má bjóða uppá rólegan leik.

sjá móttöku-verkferill hér neðast í skjalinu

[BROSA](#) og [KNÚSA](#)

Morgunmatur:

Börnin bjarga sér sjálf eftir bestu getu.

Þarf ekki að klára matinn en smakka smá.

Nokkur börn taka ekki lýsi – þá er það bara þannig.

Minnka biðtíma, bjóða uppá að skoða bækur milli morgunmats og samveru. Þá þarf starfsfólk að kenna börnunum hvernig á að fara með bækurnar, sýna þeim, segja þeim og æfa.

Börnin læra að þakka fyrir matinn.

[SMT reglur = nota góða borðsiði](#)

Samveru og söngstundir í bland:

Í samveru er oft bein fræðsla en líka góð stund til að hnoða hópinn saman í byrjun dags, þá líka góð stund til að segja öllum hópnum hvað er í vændum yfir daginn. Mjög gott er að segja börnunum hvað við ætlumst til af þeim, t.d. byrja samverustund á því að segja „í samveru í dag ætlum við að hlusta á veðurfræðinginn og þakka honum svo vel fyrir. Svo ætlum við að hafa hendur og fætur hjá okkur, láta næsta barn í friði og hlusta á meðan ég les þessa bók sem heitir.

Börnin eiga föst sæti til að skapa ró. (huga að hópastærð og sætaskipan)

Samverustjórinn þarf að vera undirbúinn t.d. ákveða hvað hann ætlar að gera, kynna okkur bækurnar, ræða innihaldið svo sem kynjaójafnrétti.

Svo má gera ýmislegt í samveru til dæmis skoða og læra um dagana, hægt að hafa stórt dagatal og merkja inn á og svo mán þri. Muna eftir allskonar leikjum eins og hver er undir teppinu og muna eftir skemmtilegum þulum og vísum. Aðalatriðið er að hafa gaman saman og læra í leiðinni. Við viljum að andrúmsloftið sé létt og skemmtilegt í samverustund. Samverustundin er svona 15 mínútur í mesta lagi í 20 mínútur.

Ákveða saman sem skóli sönglög fyrir jólin, fyrir þorrann og öskudag. Notum fjölbreytileg lög og stundum myndir til að styðja við eða tákn með tali og höfum gaman saman.

Póstkassinn okkar skoðaður - Í póstkassann koma bréf frá foreldrum, okkur eða börnunum (þá mynd með texta eða staf eða nafni)

[SMT reglur skólans í skipulögðum stundum eru = Gláðir spekingar fara eftir fyrirmælum, nota inniröddina og hafa hendur og fætur hjá sér. Gláðir spekingar taka virkan þátt og gera sitt besta, hlusta á þann sem hefur orðið og bíða þolinmóðir eftir að röðin komi að þeim.](#)

Leiktími er alla daga.

Í leiktíma er nám og gleði, vinátta og samskipti.

Þá velja börnin alveg sjálf vini og leikföng - ganga líka sjálf frá, ganga frá sínu með undantekningum þó. Leikurinn er nám, hér skiptir sá fullorðni miklu máli. Muna að leiðbeina með mýkt og hlýju, svo og með opnum spurningum og leikgleði.

ATH. Leikurinn er lífstjáníng barns, mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins. Leikur er hornsteinn leikskólustarfsins og lífstjáníng og gleðigjafi barns. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáníngarform barns. Í leik lærir barn margt sem engin getur kennt því. Í leik felst því mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara. Reynsla barns endurspeglast í leiknum. Til þess að leikurinn geti þróast og eflst þarf barn upplifun, hugmyndaflug og efnivið. Sjálfsprottinn leikur greinist frá öðru atferli í því að hann er skapandi og barnið stjórnar honum sjálft. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar

athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug birtist í leikjum þess. Í leik lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Í leik lærir barn samskiptareglur og að virða rétt annarra. Skipulag og búnaður leikskóla á að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Margir samofnir þættir hafa áhrif á leik barna í leikskóla; samsetning barnahópsins og innbyrðis tengsl barna, leikskilyrði og efniviður innanhúss og utan. Lýsing og hljómburður í leikskóla hefur mikil áhrif á leik og líðan barna. Hlýlegt umhverfi stuðlar að ró í samskiptum barna en ofhlaðnar leikstofur geta skapað óróa. Hætt er við að snautt og tilbreytingarlítið umhverfi sé hvorki vekjandi né þroskavænlegt. Skipulag og umhverfi leikskóla hefur áhrif á leik barna og getur stutt við leikinn en einnig verkað hamlandi. Umhverfið er stundum kallað þriðji uppalandinn í leikskóla, næst barnahópnum og leikskólakennara. Börnin þurfa tíma til að skipuleggja og setja upp leikinn og þau þurfa samfelldan tíma til að þróa leik sinn og dýpka. Leik skal því ætlaður góður og samfelldur tími í dagskipulagi leikskóla. Börn þurfa vandaðan og fjölbreytilegan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa. Leikbúnað allan ber að velja í samræmi við þroska barna.

Kennum börnunum að endast aðeins í leik en muna eftir flæði og gleði.

Best er að hafa allan efnivið og leikefni/dót aðgengilegt börnunum.

Allt í boði alltaf t.d. einingarkubbar snúa fram og svo framvegis hjá þeim eldri.

Notum öll svæði leikskólans til að skapa frið og ró. Notum líka vísindasmiðjuna í kjallaranum.

Einingakubbar er opinn efniviðurinn og þurfa börnin að nota ímyndunaraflíð við leik með kubbana. Þeir bjóða upp á óendanlega möguleika í byggingum. Börnin æfast í rökhugsun og stærðfræðilegum skilningi, félagsþroski eflist í formi samskipta og samvinnu. Starfsmenn eru þátttakendur í leiknum á forsendum barnanna. Það þýðir að starfsmenn skipta sér ekki af leiknum og gefa ekki börnunum hugmyndir eða lausnir í leiknum. Hlutverk starfsmanna er að taka þátt, fylgjast með og grípa inn í ef þörf gerist.

Umgengnisreglur með einingakubbana:

Kubbabyggingar eiga að vera á teppi eða á möttu (vegna hávaða)

Bygging má hæst vera eins há og barnið er

Kubbana á aðeins að nota til byggingar

Það má ekki lemja félagana með kubbunum

Það má ekki henda kubbunum frá sér

Það má ekki lemja í gólf eða húsgögn með kubbunum

Starfsmaður alltaf til taks, hvetur þau til leiks, fylgist með og grípur inn í ef þarf.

Góður tími til frágangs; virkja öll börn í frágangi.

Þegar opið er á milli deilda þá mega börnin fara milli deilda í húsinu og leika sér. Minna börnin á að ganga á göngunum ☺ Ekki leikfimi inn á sal þegar er opið á milli deilda, ekki heldur seinni partinn. Bangsi, Kría eða Kisa funda á meðan opið er milli deilda og Lundi passar þá deild. Einn starfsmaður af deild er inn á sal. Lundadeild fundar á útiverutíma og þá passa hinar deildirnar.

SMT reglur = Ganga frá, skiptast á og leika saman.

Ávextir

Einn starfsmaður græjar – ávaxtatími á alls ekki að trufla leikinn.

Njóta

Muna

Vanda sig við allar **skiptistundir** ... ekki hafa biðtíma og ekki reka of mikið á eftir börnunum t.d. 8 börn í einu í fataherbergi, 8 börn inn í einu og svo framvegis.

Skapa ró

Hópastarf:

Það eru til áætlanir um hvað 2.3.4 og 5 ára eiga að gera og læra í hópastarfi – Árgangatengt unnið á haustin.

Aðalnámskráin og skólanámskráin okkar segir líka til um hvað á að gera í hópastarfi, hvað á að læra.

Í hópastarfi eru öll svæði hússins notuð og ef það er gott veður þá er farið út með hópastarfvinnuna.

Í hópastarfsvinnu er upphaf (eins og að klappa taktinn í nafninu sínu), miðja (lærdómur) og endir (syngja við erum vinir eða spyrja hvað lærðum við í dag).

Hópastarfsvinna er alltaf skapandi og því ekki í boði skapalón né kennaraföndur!

Það eru líka til svona hópastarfs-rúllur, tillögur um hvað er gert í hópastarfi á hverju svæði. Hér er dæmi: innri stofu: **heimspeki, leikir og fleira**

Fremri stofa: **myndlist, leir og föndur, verkefni og fl**

Salurinn: **hreyfing, tónlist, hollokubbarnir, námsefnið:leikur að læra, spuni og fl.**

Kjallarinn: **smíðar, og föndur og vísindasmiðja og fl**

Fataherbergi: **spil og markviss málörvun og fl.**

Læsi, jafnrétti, heimspeki allsstaðar/ slæða yfir allt starfið í Lundarseli.

SMT reglur skólans í skipulögðum stundum eru = Glaðir spekingar fara eftir fyrirmælum, nota inniröddina og hafa hendur og fætur hjá sér. Glaðir spekingar taka virkan þátt og gera sitt besta, hlusta á þann sem hefur orðið og bíða þolinmóðir eftir að röðin komi að þeim.

Hreinlæti

Börn prófa að pissa áður en farið er í útiveru, vettvangsferðir og fyrir hádegismat. Bleyjubörn eru hvött til salernisferða í samráði við foreldra. starfsmenn skipta á bleyjubörnum eftir útiveru f.h. og milli 15 og 16 e.h. (og eftir þörfum) Börnin gefa hvort öðru næði á salerninu, Börnin þvo alltaf hendur eftir salernisferðir. Eins þvo börnin hendur fyrir mat og stundum eftir mat. Þá fá börnin klúta til að þvo andlit/munn eftir matartíma.

SMT reglur = Glaðir spekingar bjarga sér etir bestu getu, þvo sér og gefa öðrum næði.

Fataherbergi og útiveran:

Helst ekki fara út fyrr en 8 börn eru klædd og tilbúin. (best að setja 8 börn í einu fram í fataherbergi)

Börnin klæða sig sjálf eftir bestu getu og eftir tillögum á merkisþjalds-borðanum

Þekkja reglur í garðinum, sem hanga á útihurðinni, segja börnunum reglulega frá þeim.

Nýta útiveruna uppeldislega (leika með, fylgjast með leik og vinaböndum barnanna)

börn geta fengið að fara síðust út og fyrst inn ef um það er beðið.

Í útiverunni eru öryggissvæðaskiptingar sem starfsmenn þurfa að kynna sér vel, það rúlla vaktir á milli á svæða 1, 2, og 3. Allar deildir eiga skipulag varðandi svæði og öryggi í útiveru.

Ef börnin þurfa vatnssopa eða að pissa þá opnum við að sjálfsögðu hurðina fyrir þau.

SMT reglur í fataherberginu = Glaðir spekingar fara eftir fyrirmælum Glaðir spekingar nota inniröddina. Glaðir spekingar hafa hendur og fætur hjá sér. Glaðir spekingar klæða sig sjálfir eftir veðri. Glaðir spekingar hjálpast að.

Vettvangsferðir:

Í vettvangsferðum er fræðsla og gleði

Allir eru í endurskinsvestum. Hvert er farið er ákveðið rétt fyrir vinnslu á dagatalinu/hver deild fyrir sig. Í vettvangsferðum leiðast börnin oftast tvö og tvö og passa hvort annað .

SMT reglur =

Þjónasystem í hádeginu:

Leggja á borð með þjóni og þjónum.

Þjónninn segir hvað er í matinn ~~með tákni með tali~~ og velur svo hvernig hann býður börnunum í sætin sín. (t.d. litaval) Muna að nota þessa stund sem kennslustund „hvað eru margir stólar og hvað þarf þá marga gaffla“

Þvo hendur/hreinlæti

Hádegismatur:

Börnin smakka allan mat innan skynsemismarkna. Börnin mega öll fá einn ávaxtabita hvort sem þau klára matinn eða ekki. Börnin skammta sér sjálf eftir bestu getu, þurfa ekki að klára af disknum, matsatriði. Eldri börnin ganga sjálf frá diskunum og skafa af þeim matarleyfar. Börnin þakka fyrir matinn.

SMT reglur = nota borðsiði

Hvöld

Slökun/börnin hlusta á ævintýri eða rólega tónlist í svona 20-30 mín. eftir aldri og hvílast eftir fyrirmælum foreldra. Mjög gott að nota time-klukkuna svo börnin sjá hvernig tímanum líður. Öll börnin liggja á sínum stað og mjög gott er að fara yfir reglurnar í byrjun hvíldar. Börnin eiga sinn kotta.

Reglurnar eru að liggja á sínum stað með hendur og fætur hjá sér. Láta næsta barn í friði og hafa þögn. (börnin mega þó alveg hreyfa sig bara ekki trufla aðra) Starfsmenn/starfsmaður liggja líka.

SMT reglur = hafa hljóð

Klæða út aftur

sjá hér ofar.

SMT = klæða sig sjálfur eftir veðri og hjálpast að.

Útivera:

Misjafnt en oft aðeins einn starfsmaður úti þar til flest börnin eru klædd til u.þ.b. 13:20. Starfsmenn þurfa að tala sig saman í þessari útiveru varðandi kaffitíma og svoleiðis.

Gott að taka börnin inn í 3 hópum en allir hjálpast að við að ganga frá dótinu saman.

Sjá skipulag varðandi svæði og öryggi (ekki svæðaskipting eh bara fh)

SMT = reglur í útiveru sem eru á útihurð

Leikfimi á sal – bangsi og kisa

Þau eru á tásunum og í stuttermabolum/létt klædd.

Það þarf alltaf dýnur undir rimlana í leikfimi sé verið að nota rimlana eins með róluna.

Muna eftir leikur að læra uppskriftum bæði inná sal og á netinu. Muna að endurtaka sömu leikfimistímana svo börnin æfist og þjálfist.

SMT = fara eftirfyrir mælum

Þjónasystem – kisa og bangsi

sjá hér ofar

Þvo hendur/hreinlæti

Nónhressing:

Drekka 14:30 eða svo. Börnin bjarga sér eftir bestu getu t.d. smyrja sjálf og ávextir eru á borðinu hjá þeim, skiptir ekki máli hvort barnið fær sér brauð/kex/ávöxt/grænmeti. Allir í sínum sætum/helst merktum. Við sitjum saman þar til flestir á borðinu er búin að borða, og þá má fara að leika - Jibícola.

SMT = nota góða borðsiði

Leiktíminn

... er eins og fyrir hádegið og svo tekið saman svona korter í fjögur. Það er mismunandi eftir deildum hvort það er stólað upp eða ekki, en allir passa uppá samfellu í leik og að það skapist ekki biðtími.

SMT reglur = Ganga frá, skiptast á og leika saman.

Annað:

Hafa fataherbergið snyrtilegt, (hefur mikið að segja uppá upplifun foreldra að leikskólanum.

Ef stólað er upp í lok dags þá byrja á því eftir klukkan 16.

Það á að skila deildunum snyrtilegum fyrir skúringarnar. sjá opunar og skilavaktarblað sem er inn á á öllum deildum.

Starfsfólk deilda á að þurrka af hillum og svoleiðis.

Það á að losa fatahólf á föstudögum

Senda kotta heim á tveggja vikna fresti (og ef þeir skila sér ekki aftur þá minnir starfsfólk deilda einu sinni á og síðan sendir aðstoðarleikskólastjóri póst á það foreldri)

Allir hjálpast að við að hella uppá kaffi.

Allir ganga snyrtilega um, að auki skiptast deildir á að halda undirbúning og kaffistofu snyrtilegri.

kannski eru fleiri óskráðar reglur

Deildir starfa eftir skólabrag en trappa ef til vil braginn upp eða niður eftir aldri.

Við hrósum börnunum oft og mikið og með því að segja „duglegur / dugleg“ og svo nákvæmt fyrir hvað barnið fær hrósið.

Sjálfs hjálp er kennd alla daga, það að börnin læri að bjarga sér sjálf, t.d. í fataherbergi, og við matarborðið að skammta sér sjálf, skera matinn og ganga frá eftir sig eftir matartíma.

Unnið er með **læsi** hér og þar innan dagskipulagsins, hvort sem það er í hópstarfi eða í leik með fáum. Ritmál er eðlilegur þáttur í starfinu, þá er stafakynning, póstkassavinna, boðið til borðs stundum með skiltum og fleira sem ýtir undir ritmáls læsi. Þá er einnig unnið með aðra þætti læsis eins og rím, takt í orðum og fleria.

Bolta **heimspekivinnunar** er haldið á lofti í öllu starfi, það er börnin spurð opinna spurningar og tamið að ígrunda, spá og rannsaka sjálf eða með öðrum.

Vinátta er ræktuð líka alla daga í leik og öllu starfi, það er að kenna tillitsemi, hjálpssemi, sanngirni og hafa gaman saman.

Jafnréttisfræðsla er sem rauður **þráður** í gegnum daginn, það er allir leitast við að strákur og stelpa mega það sem þau vilja og óska, kyn á ekki að hamla né hefta.

Börn eiga að vera **áhrifavaldar** í sínu lífi – þau eiga að segja sína skoðun og ráða sínum degi eins og þau hafa aldur og þroska til

Starfsmenn Lundarsels efla liðsandann bæði innan deilda og innan alls leikskólans með margvíslegum hætti t.d. kökudagur, vinaleikir, spjall í kaffitímum, uppákomur utan leikskólans og fleira. Innan deildar hefur deildar/skólabragur og deildarfundir hjálpað við að hafa liðsheildina góða, það að tala saman og samræma okkur. Eins leggjum við áherslu á að það sé humor og gaman saman í vinnunni, rétt eins og í skólastarfinu með börnunum. „Kennarar og börn í Lundarseli eru duglegir spekingar sem tala saman og hugsa saman og finna lausnir, skoða málin frá mörgum sjónarhólum og hafa gaman saman við að rækta skapandi-, gagnrýna- og umhyggjusama hugsun. Kennarar muna líka eftir h-vítamíni alla daga handa öllum, hrósa, knúsa og hlæja saman.“

---- hér er dæmi um áætlun í hópstarfi ----

3 ára – **dæmi um grófa áætlun í hópstarfi (kisa og bangsi)**

Það sem á að vera í möppu barnanna:

Hæð og þyngd á blöðum mælt í september og mars

Sjálfsmynd – haust og vor

hæð og þyngd

Afmælismynd og viðtal – aldursmiðað

Úrval úr póstkassa

Myndir úr starfinu hér og þar

Eitt og eitt skemmtilegt myndverk

Heimspækiskráning ein á önn + gullkorn frá barninu

Hópmýnd og mynd af öllum á deildinni

Upphaf og endir í hópstarfi

– læra að kynna okkur heilsast. Nú skulum við segja hvað við heitum. Prófa að klappa nafnið okkar, æfa okkur í að segja frá t.d. upplifun sinni, hvað varstu að gera í gær? Hvað ætlar þú að gera í dag? Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Uppáhalds liturinn þinn? Og svo frv.

Enda í hring og þakka fyrir hópstarfið, nota lagið Við erum góð, góð hvort við annað..

Æfa grunn SMT reglurnar og svo reglurnar í hópstarfinu;

taka virkan þátt og gera sitt besta

hlusta á þann sem hefur orðið

bíða þolinmóður þar til röðin kemur að þeim

Kjósa nafn á hópinn

– hópefli leikir og nafnaleikir. Taka hópmýnd.

Umferðafræðsla og Umferðaloðtöflusögur í sept

Gera myndir af pabba og mömmu fyrir foreldrakaffið sem er í október.

Þemavika í október er Bangsavika – gera bangsamýndir.

Skoða blýantsgrip barnanna – lita frjálst.

Skoða hvernig gengur að klippa frjálst.

Puttastimplun – talning /læra að telja.

Föndra/mála/leira saman.

Málörvun –Markviss málörvun + ljósrita ef þarf verkefni upp úr Markvissri málörvun og Ljáðu mér eyra.

Leikir – skoða hugmyndir í Markvissri málörvun og svo alls konar spil, t.d. Tella a Story, Hljóðalottó, Minnisþing og svo frv.
Heimspæki – byrja á einhverju léttu fyrst!!

4 ára – **dæmi** um grófa áætlun í hópstarfi (kisa og bangsi)

Umferðafræðsla, haustið/árstíðirnar .

Lesi: mínir einkastaðir, og aðrar félagsfærnisögur eftir þörfum.

Gera sjálfsmynd í möppuna, líka mæla og vigta (fastir liðir eins og venjulega)

Fínhyfingar: tangargrip,perla,klippa oþh. Æfa sig að halda á blýant/lit.

Grófhreyfingar: sjá blað um þroskaáfangi 4 ára barna.

Málörvun/foræfingar td: klappa nöfnin sín, ríma, má líka æfa fleirtölu eða spurja börnin og þau svara með því að álykta td: hvar í húsinu eru myndir ?

Foræfingar: afmælisdagur, nafn foreldra, heimilisfang, uppáhalds litur, matur.

Nota örsögur í málörvun og hlustun

Hlustun, afstöðu-hugtök, andheiti, giska á fyrsta hljóð í orði, flokkun og fleira.

Auka síðan málörvunina eftir áramót td: stígbreyta lýsingarorð stór-stærri-stærstur. Búa til orð td: hús—bíll verður húsbíll,fótur –bolti verður fótbolti.

Tölur og form td: spil, tengja saman tölur og magn, verkefni með formkubba.

Heimspæki-verkefni td: Láki jarðálfur, kiskusagan eða annað sem hentar. Verkefni (skráningar og myndir) verða svo til sýningar í sal eftir miðjan nóv. Foræfingar, opnar spurningar og kafa og kljást með þær þar til börnin eru sammála eða sammála um að vera ósammála að lokum draga saman niðurstöðu eða hvað var rétt. Skráning fyrir jóla og önnur eftir jóla.

Jafnréttisbókin lesin og ræða, nota aðferð barnaheimspækinnar og gera skráningu.

5 ára – **dæmi** um grófa áætlun í hópstarfi og samstarf (kisa og lund)

Umferðafræðsla, haustið/árstíðirnar

Gera sjálfsmynd í möppuna, líka mæla og vigta (fastir liðir eins og venjulega)

Fínhyfingar: tangargrip,perla,klippa oþh. Æfa sig að halda á blýant/lit.

Grófhreyfingar: sjá blað um þroskaáfangi 5 ára barna.

Málörvun/foræfingar td: klappa nöfnin sín, ríma, má líka æfa fleirtölu eða spurja börnin og þau svara með því að álykta td: hvar í húsinu eru myndir ?

Foræfingar: afmælisdagur, nafn foreldra, heimilisfang, uppáhalds litur, matur.

Nota örsögur í málörvun og hlustun

Hlustun, afstöðu-hugtök, andheiti, giska á fyrsta hljóð í orði, flokkun og fleira.

Auka síðan málörvunina eftir áramót td: stígbreyta lýsingarorð stór-stærri-stærstur. Búa til orð td: hús—bíll verður húsbíll,fótur –bolti verður fótbolti.

Tölur og form td: spil, tengja saman tölur og magn, verkefni með formkubba.

Öll fara í heimspæki Það eru heimspæki foræfingar, opnar spurningar, að kafa og kljást í samræðu þar til börnin eru sammála eða sammála um að vera ósammála að lokum draga saman niðurstöðu eða hvað var rétt! Það á að setja samræðuskráningu í ferilmöppuna fyrir jóla og eftir jóla.

Spil vinna með regluspil, læra að spila eftir reglum.

Samstarf við Lundarskóla, Lundarsel og Pálmholt. Markmiðið er að auðvelda elsturbörnunum flutning frá leikskólastiginu og upp á grunnskólastigið með samvinnu við Lundarskóla og Pálmholt. Bæði 1. bekkur og 6. bekkur eru í samstarfi við Lundarsel um heimsóknir á milli skólastiga. Lundarskólinn kemur í heimsóknir til okkar og við heimsækjum Lundarskóla. 6. bekkur kemur og les og leikur við leikskólabörnin í leikskólanum og leikskólinn fer og leikur við 6. bekk á leiksvæði grunnskólans. Samstarfið við 1. bekk er fólgið í því að 1. bekkur kemur til okkar í leik og starf (verkefnavinna) og við kíkjum í tíma hjá 1. bekk, leikum okkur saman á útsvæði og skoðum frístund.

Logi og Glóð er samstarfsverkefni með slökkvistöðinni og vinnum við verkefni í samstarfi við hana. Elstu börnin fara svo í heimsókn á slökkvistöðina í maí sem og öll elstu börn á Akureyri.

Í myndlist er unnið með fjölbreyttan efni við sem tengist árstíðum og áhugasvið barnanna.

Íþróttir í KA heimilinu.

Börnin í skipulagða hreyfistund í KA heimilið og þar er unnið með grófhreyfingar, jafnvægi, farið í hreyfileiki og fl. Þessir tímar hjálpa elstu börnunum aðlögun í fyrir grunnskólagöngu og þá sérstaklega að fara í íþróttir. Börnin kynnast KA heimilinu og þekkja staðhætti í húsinu.

Leikur að læra, í hópstarfi fara börnin í verkefnið „leikur að læra“ og er þar unnið með hreyfing, bókstafi og tölustafi.

Í hópstarfi eru líka unnið stundum með þema tengt mánaðarskipulagningu /dagatalinu.

Verkreglur fyrir starfsmenn og bréf til foreldra

Móttaka barna hér í Lundarseli, svo og kveðjustundir skipta mjög miklu máli upp á líðan barnsins í leikskólanum ☺
Móttaka í byrjun dags og kveðja í lok dags skal alltaf vera á jákvæðum nótum, bæði að hálfu starfsfólks og foreldra (það má alltaf óska eftir samtali, senda tölvupóst eða hringja ef það er eitthvað sem foreldrar þurfa að ræða, því það er ýmislegt sem við ræðum ekki fyrir framan börnin.

Starfsfólk hefur frumkvæði að samskiptum við alla foreldra, en stundum er mikið að gera á stóru heimili! Því viljum við **biðja ykkur um að láta okkur ávallt vita þegar þið komið með eða sækið barnið ykkar**. Sérstaklega er mikilvægt er að láta deildarstarfsmann þegar við erum öll í garði, láta að vita að barnið sé komið eða að fara. Takk takk.

Deildirnar opna klukkan 7:45, biðjum við ykkur/foreldra að fara ekki inn á deild á undan fyrsta starfsmanni. Ef svo óheppilega vill til að starfsmaður sem á að mæta 7:45 er veikur er alltaf hægt að labba með barnið sitt á næstu deild, en oftast er nú búið að ræsa annan starfsmann út.

Deildirnar eru opnar til 16:15, það er klukkan 16:15 á síðasti starfsmaður deildarinnar að geta stimplað sig út. Það er þó ávallt einn starfsmaður til 16:30 sem tekur við barni sem er sótt of seint, sá starfsmaður er inná Bangsa eða Lunda, eða á labbinu að loka gluggum og slökkva ljós.

Verkreglan okkar er sú að ákveðin starfsmaður er í móttöku fyrst á morgna (sem sagt ein vakt er aðalmóttökustjóri og hinar vaktir eru hjálparkokkar) eða sá starfsmaður sem er með lausan arm ☺

Verklagið er þannig að tekið er á móti barninu hlýlega í dyrunum/gætinni, en á Lundadeild eru eldri börn og móttakan meira inn á deild, eða inn á Vík. Börnin eru því að kveðja foreldra sína í fataherberginu og starfsmenn taka á móti í dyrunum. Mjög gott er að foreldrar og deildarstjóri séu búin að ræða sín á milli hvað skal gera ef það er mikill grátur... á það að taka barnið af foreldri og hugga það í rólegheitum, eða skal foreldri róa barnið í fataherberginu og afhenta það svo starfsmann. Best er að gefa sér góðan tíma að ræða saman til dæmis í aðlögunarsamtali hvernig foreldrar sjái móttökuna fyrir sér.

Starfsmenn bjóða hlýlega góðan daginn alla daga, barninu er ávallt sýndur áhugi, það er horft í augun þess, barnið knúsað eða tekið í fangið eða að starfsmaður aðstoðað barnið inn í leik og starf leikskólans. Eins er Lundarselsbarn ávallt kvatt með þökkum fyrir daginn og jafnvel með eftirvæntingu fyrir næsta degi, „hlakka til að sjá þig á morgun, þá er ... í leikskólanum.”

Barnið snýr myndinni sinni við í upphaf dags og eins getur verið gott fyrir sum börn að byrja daginn á því að kíkja á myndræna dagskipulagið. Starfsmenn merkja við börnin inn í svokallað Mentor – skráningarkerfi. Að sjálfsögðu þarf að virða keyptan dvalartíma.

Foreldrar og starfsfólk skiptast oft á daglegum upplýsingum um líðan barnsins í upphafi og lok dags og er mjög gott mál, en hafa verður í huga að það er ekki allt sem er gott fyrir barnseyrað að heyra.

Við skráum upplýsingar frá foreldrum, eins og hver sækir eða líðan barnsins í dagbók hjá okkur þannig að aðrir starfsmenn sjái. Eins skráum við oft í dagbókina eitthvað sem sá starfsmaður sem er að skila geti gefið foreldrum betri upplýsingar um líðan barnsins og það sem barnið hefur verið að fást við.

Vöndum okkur öll við að skapa umgjörð að notalegri komu og brottför þannig að barninu finnist gott að koma í leikskólann sinn.